

Dómaranefnd KSÍ

Reykjavík, 10. febrúar 2023

Efni: Umsögn dómaranefndar KSÍ vegna þingsályktunartillögu um dómaramál (Þingskjal 12).

Sú hugmynd að KSÍ raði niður tríói á leiki 2. flokks karla og kvenna er mjög áhugaverð og gerir Dómaranefnd KSÍ í sjálfu sér ekki athugasemd við þá hugmynd og telur nefndin það sé einmitt nauðsynlegt og gott skref fram á við.

Þó gerir Dómaranefndin athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir tríói frá KSÍ á leiki í úrslitakeppni 5. deildar karla í tillögunni og telur nefndin mikilvægt að tríóið sé allt skipað dómurum frá KSÍ. Enn fremur gerir Dómaranefnd athugasemd við tillöguna varðandi bikarkeppni 2. flokks. Þar er tillagan einfaldlega ekki nógu skýr og ekki hægt að sjá með vissu hvort heimaliðið eða KSÍ tilnefni aðstoðardómara á leiki að 8 liða úrslitum.

Jafnframt er það mat nefndarinnar að útilokað verði að manna öll þau störf sem gerðar eru kröfur á að KSÍ manni ef þessi breyting á sér stað strax á árinu 2023. Ef tillagan verður samþykkt eins og hún er uppsett núna með þeim störfum sem bætast við með tilkomu úrslitakeppni Bestu deildar kvenna, úrslitakeppni

Í Lengjudeild karla og bikarkeppni neðri deilda er verið að fjölga störfum dómara sem KSÍ raðar niður á úr 5.040 árið 2022 í 5.812 á komandi keppnistímabili, eða um 772 störfum.

Hér má sjá breytingar á milli ára í þeim flokkum og deildum sem tillagan nær yfir og þær breytingar sem þegar hafa verið ákveðnar og samþykktar:

	2023		2022		Mismunur
	Tríói	Einn dómari	Miðað við einn dómara		á milli ára
2.fl.ka.A	405	135	2.fl.ka.A	90	315
2.fl.ka.B	405	135	2.fl.ka.B	90	315
2.fl.kv.A	108	36	2.fl.kv.A	36	72
2.fl.kv.B	168	56	2.fl.kv.B	56	112
2.fl.ka.Bikar	21	9	2.fl.ka.Bikar	9	12
2.fl.kv.Bikar	21	9	2.fl.kv.Bikar	9	12
Samtals störf	1128	380	Samtals störf	290	838

*KSÍ hefur tilnefnt tríói á úrslitaleiki bikarkeppni 2. flokks

	Fjöldi viðbóta leikja á milli ára	Fjöldi viðbóta starfa á milli ára
Neðrideildar bikarinn	31	93
Besta deild kvenna	21	63
Lengjudeild karla	5	15
Samtals	57	171

	Tríói	Einn dómari
5.deild ka. Deild	339	112
5.deild ka. Úrslit	15	5
Samtals störf	354	117
Mismunur		237



Staðreyndin er sú að frá árinu 2019 hefur virkum dómurum fækkað úr 1.032 í 585 eða 43%. Á sama tíma voru 226 nýir dómara árið 2019 en aðeins 114 árið 2022. Vissulega má að flestu leiti kenna Covid-19 um þar sem ekki tókst að halda námskeið fyrir nýja dómara á þessum tímum. Þess má þó geta að fækkum dómara er ekki einskorðað við Ísland heldur er þetta vandamál víða í Evrópu og hefur þar m.a. þurft að fresta leikjum víðsvegar vegna dómarskorts. Til að fjölga dómurum er mikilvægt að KSÍ og félögin taki höndum saman og fari í kröftugt átak með það í huga að ná fyrri styrk og fjölga dómurum bæði hjá KSÍ og ekki síður í félögunum.

Í grein 19.1 í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót kemur eftirfarandi fram og vill Dómaranefnd sérstaklega minna á hana:

19.gr.
Dómaramál

19.1 Með þátttökutilkynningum í landsmót og bikarkeppnir skal tilgreina nafn á einum starfandi dómara næsta keppnistímabil, fyrir hvert lið, sem tilkynnt er þátttaka fyrir. Einnig skal koma fram nafn þess sem hefur umsjón með málefnum dómara hjá félaginu.

Dómaranefndin telur mikilvægt að fram komi að með þessari breytingu fylgir veruleg hækkun þátttökugjalda til félaganna þar sem að kostnaðurinn hefur alltaf verið greiddur af félögunum frá því KSÍ tók að sér að manna dómgæsluna í 2. flokki

Dómaranefnd KSÍ leggur til að framkvæmd á þessari tillögu verð gerð í skrefum næstu árin á meðan verið sé að vinna upp fækkun dómara síðustu ára, t.d. með að byrja á A-deildum 2024 og bæta svo B-deildunum við árið 2026. Að sama skapi er lagt til að tillagan varðandi 5.deild karla verði samþykkt með þeim breytingum að „KSÍ skuli tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómurum og aðstoðardómurum í úrslitakeppni 5. deildar“.

Þegar þetta er ritað er ekki nema tæpur mánuður í fyrsta leik hjá 2.flokki karla og innan við 60 dagar í að Íslandsmót hefjist. Dómaranefnd KSÍ lítur tillöguna jákvæðum augum en þarf meiri tíma til undirbúnings til að geta staðið við skuldbindingar þær sem í tillögunni felast. Það má í raun líkja vandamálinu með þessari aukningu við knattspyrnulið sem vill tefla fram tveimur liðum en er skuldbundið til að tefla fram fjórum liðum til að mega taka þátt í mótinu.

Það skal þó ítrekað að Dómaranefnd KSÍ telur hugmyndina sem slíka mjög góða en telur skýrt að ef þessi tillaga nær fram að ganga í óbreyttri mynd er ljóst að við í Dómaranefnd KSÍ eigum ekki í lið í sumar.

F.h. dómaranefndar KSÍ og starfsmanna dómaramál

Halldór Breiðfjörð, formaður dómaranefndar